

Móttaka kvótaflóttafólks frá Kenía

2019-2020



Hulda Margrét Rútsdóttir verkefnastjóri móttöku flóttafólks



MOSFELLSBÆR

Efnisyfirlit:

1. Formáli.....	4
2. Undirbúningur verkefnis.....	4
3. Móttaka fólksins.....	5
4. Upplýsingar og verkefni fyrstu vikurnar	5
5. Dvalarleyfi, kennitölur og skráningar	6
6. Húsnæði	6
7. Fjárhagsaðstoð og atvinna	7
8. Menntun.....	7
9. Samfélagsfræðsla.....	9
10. Íþróttir og tómstundir.....	9
11. Heilbrigðisþjónusta	10
12. Túlkaþjónusta	11
13. Samstarf við Rauða Kross Íslands	11
14. Fjölskyldusameining	11
15. Kostnaður við fyrsta ár móttökuverkefnis	11
16. Helstu áskoranir.....	12
17. Lokaorð.....	12
Fylgiskjal I:.....	13

1. Formáli

Skýrsla þessi er samantekt á verkefni Mosfellsbæjar um móttöku kvótaflóttafólks frá Úganda og Súdan árið 2019. Aðdragandi verkefnisins var sá að í maí 2019 fór félagsmálaráðuneytið þess á leit við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að sveitarfélagið tæki á móti kvótaflóttafólki staðsettu í Kenía. Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti að ganga til samninga við félagsmálaráðuneytið um móttöku flóttamanna þann 5. september 2019. Í mars 2018 hafði Mosfellsbær í fyrsta sinn tekið á móti 10 kvótaflóttamönnum frá Úganda (staðsettum í Kenía) og tókst sú móttaka vel. Þetta var því í annað skipti sem Mosfellsbær tók á móti kvótaflóttafólki.

Ríkisstjórnin hafði samþykkt að taka á móti allt að 75 kvótaflóttamönnum árið 2019. Tekið var á móti 50 manns frá Sýrlandi sem settust að á Hvammstanga, Blönduósi og í Árborg í apríl 2019 og í september var tekið á móti 24 manns sem höfðu verið í Kenía. Einn aðili hafði þá komið á undan hópnunum í júní og sest að á Seltjarnarnesi. Hópurinn skiptist á milli Mosfellsbæjar, Garðabæjar og Seltjarnarness. Mosfellsbær tók á móti 9 fullorðnum einstaklingum á aldrinum 19 til 41 árs og tveimur börnum á grunnskólaaldri úr þeim hópi. Af þeim fullorðnu voru sex karlmenn og þrjár konur. Hópurinn kom til Íslands 12. september 2019.

Skýrslu þessari er ætlað að veita almennar upplýsingar um aðstæður fólksins að ári liðnu frá komu þess til landsins auk þess að veita upplýsingar um framkvæmd verkefnisins sem nýst geta sem leiðbeiningar við móttöku flóttafólks í framtíðinni.

2. Undirbúningur verkefnis

Hulda Margrét Rútsdóttir M.A. í alþjóða samskiptum og þróunarlandafræði var ráðin verkefnastjóri frá 1. september 2019. Upphaflega var gert ráð fyrir 100% starfshlutfalli í eitt ár en stuttu fyrir komu hópsins var einum fullorðnum einstaklingi bætt við. Breyting á fjölda einstaklinga frá því sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir og breytingar á aðstæðum í samfélaginu vegna Covid-19 leiddi til þess að ráðningartíminn var lengdur í 13 mánuði. Hulda Margrét bar hitann og þungann af verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins, hún annaðist ráðgjöf og samskipti við einstaklingana, hélt utan um verkefnið, fjárhagsáætlun, reikninga, samskipti við fagaðila og stofnanir og skipulagði samfélagsfræðslu í samvinnu við verkefnastjórana á Seltjarnarnesi og í Garðabæ svo eitthvað sé nefnt. Margir starfsmenn bæjarskrifstofunnar komu að verkefninu á einn eða annan hátt og má þar helst nefna starfsmenn fjölskyldusviðs, það er framkvæmdastjóra, félagsráðgjafa og húsnæðisfulltrúa. Einnig kom að fjármáladeild, verkefnastjóri fræðslu- og frístundasviðs, starfsmenn þjónustuværs sem og ýmsir aðrir starfsmenn Mosfellsbæjar.

Félagsmálaráðuneytið skipaði framkvæmdahóp sem í átta sæti verkefnastjórar frá Mosfellsbæ, Garðabæ og Seltjarnarnesi og verkefnastjóri frá Rauða krossi Íslands (RKÍ). Í október 2019 skipaði félagsmálaráðuneytið samráðshóp um móttöku flóttafólks vegna verkefnisins. Í hópnum voru tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi sem tók á móti flóttafólki á árinu, ásamt fulltrúum frá RKÍ og félagsmálaráðuneyti. Hulda Margrét og Unnur Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs tóku sæti í hópnum fyrir hönd Mosfellsbæjar. Enginn fundur var boðaður í samráðshópnum á tímabili verkefnisins.

Áður en fólkið kom til landsins var hafist handa við að finna húsnæði og panta tíma í sóttvarnarskoðun, hafa samband við grunnskólann, heilsugæsluna og fleiri aðila sem kæmu að málum þegar fólkið væri komið í Mosfellsbæinn.

3. Móttaka fólksins

Flóttafólkið kom til landsins 12. september 2019 með flugi frá Kenía með millilendingu í Frankfurt. Þau flugu í fylgd IOM (International Organization for Migration) til Frankfurt en komu án fylgdar til Keflavíkur. Í móttökuhópnum var verkefnastjóri Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Garðabæjar, tveir starfsmenn Rauða krossins ásamt fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu. Engir fjölmiðlar voru á staðnum. Engin formleg móttaka var á flugvellinum fyrir hópinn en formleg móttaka var haldin á vegum Mosfellsbæjar 6. nóvember 2019.

Á leiðinni frá Keflavík til Mosfellsbæjar var öllum boðið í hádegismat. Hluti hópsins dvaldi á gistiheimili og/eða bráðabirgðarhúsnæði fyrstu vikuna/vikunar þar sem ekki hafði tekist að útvega húsnæði fyrir alla fyrir komuna til landsins. Móttökuhópurinn ásamt nokkrum sjálfboðaliðum fylgdi fólkinu á dvalarstað, þar sem Rauði krossinn var búinn að kaupa inn matvörur fyrir fyrstu dagana. Við komu á heimilin fékk fólkið möppur með ýmsum handhægum upplýsingum, lyklum, símakortum, strætómiðum og fjárhagsaðstoð í formi peninga í umslagi. Einnig var farið yfir ýmis praktísk mál.

Seinna um kvöldið heimsótti verkefnastjóri alla til þess að athuga hvort allt væri í lagi og til að skoða hvort einstaklingarnir væru með síma og minna á fund strax morguninn eftir.


4. Upplýsingar og verkefni fyrstu vikunar

Daginn eftir komu hópsins til landsins voru allir boðaðir á fund á bæjarskrifstofunum þar sem verkefnastjóri Mosfellsbæjar, fulltrúar Rauða krossins og fleiri starfsmenn af fjölskyldusviði Mosfellsbæjar tóku á móti þeim. Á fundinum var farið yfir hlutverk Mosfellsbæjar annars vegar og RKÍ hins vegar. Allir einstaklingarnir eru enskumælandi og því var ekki þörf á túlki. Verkefnastjóri Mosfellsbæjar hafði útbúið upplýsingabækling á ensku sem fólkið fékk við komuna til landsins, þar var að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um daglegt líf á Íslandi. Fólkinu var boðið að fá sjálfboðaliða (leiðsögumenn) frá Rauða krossinum, þeir hófu svo störf tveimur vikum eftir að fólkið kom. Það kom í ljós að fæst þeirra voru með nothæfa síma. Rauði krossinn útvegaði fullorðnu einstaklingunum notaða farsíma.

Verkefnastjóri RKÍ kannaði áhuga flóttafólksins á að fá leiðsögumann og þáðu allir þann stuðning. Þegar nokkrir mánuðir voru liðnir á verkefnið voru gerðar breytingar á leiðsögumannahópnum þar sem í ljós kom að einn leiðsögumaður hafði aldrei haft samband og annar þurfti að hætta. Rauði krossinn útvegaði viðkomandi aðilum nýja leiðsögumenn.

Upphæð fjárhagsaðstoðar sem fólkið fékk var mishá og réðst hún af tegund búsetu og fjölskyldustærð í samræmi við reglur Mosfellsbæjar. Fjárhagsaðstoð var í byrjun greidd út með peningum í umslagi þar til fólkið var komið með kennitölu og bankareikninga. Verkefnastjóri leiðbeindi einstaklingunum um greiðslu reikninga, kenndi á snjallsímaforrit og sýndi þeim hvernig bankakort eru notuð í hraðbanka. Mörg þeirra tileinkuðu sér fljótt tæknina og gátu nýtt sér forrit í símanum til að fylgjast með ráðstöfun fjármuna.

Næstu daga eftir komu fólksins þurfti að ganga frá ýmsum málum, verkefnastjóri hafði bókað tíma fyrir fullorðna fólkið á göngudeild sóttvarna vegna skráningar í landið. Sóttvarnarskoðun barna fór fram á Barnaspítala Hringins. Eftir að sóttvarnarskoðunum var lokið pantaði verkefnastjóri tíma á heilsugæslunni fyrir þau sem vildu og fór með börnin í þær bólusetningar sem upp á vantaði.



Fundað var með fulltrúum grunnskóla barnanna eftir komu þeirra til landsins en ákveðið var að skólanga þeirri hæfist 30. september. Þar sem stutt var síðan fyrri hópur flóttafólks hafði komið var ekki talið nauðsynlegt að vera með sérstaka fræðslu fyrir starfsfólk grunnskólans aftur.

Verkefnastjóri annaðist allar tímabókanir og aðstoðaði fólkið við heimsóknir á viðkomandi áfangastaði. Flestir úr hópnum voru fljótir að sýna sjálfstæði, nýta sér strætisvagna og fara á eigin vegum. Mikil vinna verkefnastjóra fólst einnig í áframhaldandi leit og undirbúningi á húsnæði fyrir þá aðila sem ekki voru komnir í fast húsnæði við komuna til landsins. Samráðsfundir með verkefnastjórum og Rauða krossinum voru haldnir vikulega í fyrstu en þegar á leið mánaðarlega.

5. Dvalarleyfi, kennitölur og skráningar

Verkefnastjóri hafði verið í sambandi við tengilið frá Útlendingastofnun fyrir komu hópsins til landsins og fylgdi svo hópnum til Útlendingastofnunar rúmri viku eftir að þau komu. Þar var gengið frá umsóknum um dvalarleyfi.


Skráning hópsins gekk nokkuð greiðlega fyrir sig en nöfn flóttafólksins voru þó ekki alltaf rétt skráð, því skráning þeirra í landið þurfti að samræmast skráningum flóttamannastofnunar sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Eins þurftu fjórir aðilar að fylla inn umsóknirnar aftur þar sem eitthvað hafði gleymst að fylla út eða var óskýrt í fyrri umsókn. Í gögnum frá UNHCR hafði uppröðun á nöfnum misfarist eða nafn vantaði. Það tók þrjár til fjórar vikur að skrá fólkið inn í landið, en skráningin er háð læknisvottorði frá lækni á göngudeild sóttvarna. Um viku eftir að fólkið hafði fengið kennitölu fékk það dvalarleyfisskírteini.

Hópurinn var sjúkratryggður við komuna til landsins eins og lög gera ráð fyrir. Engin formleg gögn né skráning þess efnis var til fyrr en fólkið fékk kennitölu. Þegar þau höfðu fengið kennitölur og dvalarleyfisskírteini gátu þau hafið viðskipti í gegnum banka. Ekki fengu allir kennitölur á sama tíma svo farið var með þau í nokkrum ferðum í Íslandsbanka í Smáralind. Þar var gengið frá bankareikningum og pöntun á debetkortum. Til að byrja með notuðu allir Íslykla en þegar leið á árið sóttu flestir um ferðaskilríki sem gerði þeim kleift að fá rafræn skilríki.

6. Húsnæði

Fyrir komu fólksins til landsins var búið að útvega þrjár íbúðir fyrir sex af einstaklingunum. Því vantaði íbúðir fyrir fimm þeirra. Íbúðirnar voru allar leigðar af Mosfellsbæ til eins árs og síðan framleigðar til fólksins. Tvær íbúðir voru tilbúnar þegar fólkið kom en sú þriðja var laus um tveimur vikum eftir komu þess til landsins. Fjórir af þeim sem ekki fengu húsnæði um leið og þeir komu til landsins dvöldu til að byrja með í leiguhúsnæði sem var leigt í mánuð í senn til bráðabirgða þar til framtíðarheimili yrðu fundin. Hin þrjú gistu á hóteli eða í Airbnb íbúðum. Aðeins var hægt að bóka gistingu í stuttan tíma í einu og þurftu tveir einstaklingar að færa sig á milli Airbnb íbúða einu sinni. Mikill auka tilkostnaður kom til vegna þessarar ráðstöfunar auk óþæginda fyrir einstaklingana. Um sex vikum eftir komuna til landsins voru allir komnir í framtíðarhúsnæði.

Vegna skorts á einstaklingsíbúðum leigðu sjö einstaklingar saman fyrsta árið, það er þrír einstaklingar leigðu saman á einum stað og tveir og tveir í sitthvorri íbúðinni. Aðeins í einu tilfelli höfðu einstaklingarnir gefið til kynna í viðtölum fyrir komu að þeir gætu hugsað sér að deila íbúð



saman og kom á daginn að sambúðin var erfið, sérstaklega í einni íbúðinni. Fjórar íbúðir voru leigðar af einkaaðilum og ein af leigufélaginu Heimavöllum.

7. Fjárhagsaðstoð og atvinna

Í upphafi dvalartímans framfleytti fólkid sér með fjárhagsaðstoð frá Mosfellsbæ, líkt og samningur við ráðuneytið gerði ráð fyrir. Mosfellsbær sá um greiðslur meðlags, mæðralauna og barnabóta í byrjun þar til Tryggingastofnun ríkisins (TR) og skattstjóri tóku við lögum samkvæmt. Þar sem móðir og börn komu ekki til landsins fyrr en 12. september, borgaði Mosfellsbær það sem upp á vantaði svo móðirin fengi fullar barnabætur fyrsta árið.

Þegar fólkid hafði fengið kennitölur og gengið hafði verið frá húsaleigusamningum sóttu það um húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning. Notast var við Íslykil og sótt um í gegnum www.hms.is og íbúagátt Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær greiddi fyrir kostnað vegna skólagöngu barnanna í upphafi svo sem fæði, íþróttir, sumarnámskeið, skólatöskur og íþróttafatnað. Vegna Covid-19 var ekki greitt í mótuneyti fyrir börnin nema í 6,5 mánuði á fyrsta árinu. Því greiðir Mosfellsbær skólamótuneytið hjá börnunum í 2,5 mánuði í viðbót til samræmis við samninginn sem kveður á um aðstoð í 9 mánuði.

Fólkid fékk árskort í strætó á nemendakjörum og var fljótt að nýta sér almenningssamgöngur til að fara á milli staða.

Hluti af hópnum sýndi fljótt áhuga á að fara út á vinnumarkaðinn en breytt ástand á vinnumarkaðnum setti strik í reikninginn svo það var ekki auðvelt um vik. Auk þess var þeim, í ljósi reynslu frá fyrri hópi, ráðlagt að leggja áherslu á að læra íslensku og huga að hlutastörfum til að byrja með. Fljótt kom í ljós að fjórir af níu fullorðnu einstaklingunum (þeir sem voru á aldrinum 19-26 ára) vildu halda áfram námi á framhaldsskólastigi. Verkefnastjóri aðstoðaði þá við að komast í nám.

Verkefnastjóri aðstoðaði þá einstaklinga sem vildu komast í vinnu, eins fengu þeir aðstoð á opnu hús Rauða krossins við að útbúa ferilskrár. Verkefnastjóri sendi líka tilvísun til Vinnumálastofnunar þar sem þeir fóru flestir í viðtal hjá ráðgjafa. Enginn úr hópnum fékk atvinnu fyrir tilstilli Vinnumálastofnunar þetta fyrsta ár.

Fyrsti einstaklingurinn í hópnum til að fá vinnu hóf störf í byrjun mars 2020. Enskukunnátta auðveldaði atvinnuleitina. Allir nema einn voru í vinnu um sumarið en sá aðili taldi sig ekki tilbúinn í vinnu á þeim tímapunkti. Tveir af þeim átta fullorðnu sem voru í vinnu fengu vinnu með starfsþjálfunarsamningi. Unglingurinn í hópnum var í Vinnuskólanum með jafnöldrum sínum. Eftir sumarið voru þrír aðilar enn í fullri vinnu, einn af þeim kominn með fastráðningu og vonir standa til að hinir tveir fái það líka mjög fljótlega. Allir nema einn voru í vinnu á tímabilinu, sá sem ekki hafði verið í vinnu var í sjálfboðavinnu einu sinni til tvisvar í viku og var búinn að fara í eitt stutt starfsnám sem því miður gekk ekki upp.

Tveir aðilar eru nú í atvinnuleit og stendur atvinnurekendum til boða að ráða viðkomandi með starfsþjálfunarsamningum. Mosfellsbær bauð framhaldsskólanemunum fjórum störf í tvo mánuði í bæjarvinnunni og einn annar aðili fékk sumarvinnu í þjónustumiðstöð Mosfellsbæjar. Þeir þrír sem eru í vinnu á þessari stundu eru allir í vinnu í Mosfellsbæ. Enginn hefur sótt vinnu út fyrir bæinn nema einn sem endaði á að vera seinni mánuðinn í bæjarvinnunni hjá Reykjavíkurborg vegna óeiningar við aðra aðila í bæjarvinnunni í Mosfellsbæ

8. Menntun

Börnin hófu nám að lokinni heilbrigðisskoðun í lok september, rúmum tveimur vikum eftir komuna til landsins. Fjöldi barna af erlendum uppruna hefur aukist mjög í Varmárskóla og reynsla byggst upp innan veggja skólans. Aðlögun barnanna gekk vel og urðu þau fljótlega virkir þátttakendur í skólastarfinu. Þau voru í sérnámi í íslensku og voru í upphafi töluvert mikið með öðrum erlendum börnum í nýbúakennslu en fóru í bekkina sína í þeim fögum sem þau gátu. Stuttu eftir áramót gat yngra barnið verið meira með bekknum sínum en eldra barnið sem er á elsta stigi grunnskóla þarf enn töluverða sérkennslu vegna tungumálsins.

Í samvinnu við Aftureldingu fengu börnin aukakennslu í sundi um sumarið sem gerði það að verkum að nú í haust gátu þau tekið þátt í sundtímum með jafnöldrum sínum.


Fjögur úr hópnum (á aldrinum 19-26 ára) stunda nám í framhaldsskólum. Öll byrjuðu þau strax í janúar. Þrjú þeirra byrjuðu í tveimur fögum í Fjölbrautaskóla Mosfellsbæjar (FMos) og einn komst inn á íslenskubrautina í Tækniskólanum. Á næstu önn héldu tveir áfram í FMos og eru núna nánast í fullu námi en tveir stunda nú nám á íslenskubrautinni í Tækniskólanum. Þrjár af fjórum einstaklingum höfðu áhuga á að fara í Fjölbrautaskólann við Ámúla og/eða í Tækniskólann en aðeins einn komst inn í fyrstu atrennu í Tækniskólann. Á næstu önn komst annar einstaklingur inn þar að auki. Þau þrjú sem sóttu um í FÁ var öllum synjað. Skólarnir báru fyrir sig mikla aðsókn og aldursviðmið.

FMos tók vel á móti þeim þremur sem byrjuðu þar og hafa haldið vel utan um þau tvö sem núna eru þar enn. FMos hefur frá upphafi sýnt sveigjanleika og útsjónarsemi og þar sem skólinn er tiltölulega lítill er vel haldið utan um hvern og einn. Vegna Covid-19 hefur stór hluti námsins verið í fjarnámi sem er mjög krefjandi fyrir þau. Huga má betur að því hvaða möguleikar til náms eru í boði fyrir ungt flóttafólk á aldrinum 18-30 ára og mættu margir framhaldsskólar taka meira tillit til aðstæðna þeirra og gefa aukið svigrúm svo það hafi möguleika á að stunda og klára nám.

Verkefnastjóri fylgdi einum til námsráðgjafa í háskólanum en síðar kom í ljós að hver sá sem hefur lokið framhaldsskóla í Úganda þarf að bæta við sig einu ári í íslenskum framhaldsskóla til þess að mega stunda nám í háskólanum svo þau fjögur sem vildu halda áfram námi fóru öll í framhaldsskóla. Allir fjórir einstaklingarnir hittu námsráðgjafa í FMos, FÁ og Tækniskólanum. Einn aðili í viðbót við þessa fjóra, stefnir á sjúkraliðanám með vinnu í janúar 2021.

Allir fullorðnu einstaklingarnir í hópnum sóttu íslenskunámskeið. Hluti af hópnum hafði lokið skyldunámi í Úganda en enginn stundað háskólanám. Sjö þeirra voru læs og skrifandi á ensku sem hjálpaði þeim við íslenskunámið en tvö þeirra voru ólæs og höfðu lokið 6 árum í grunnskóla eða minna. Allur hópurinn stundaði nám í Tin Can Factory. Allir byrjuðu á sérstöku undirbúningsnámskeiði sem var sérhannað fyrir hópinn til að meta stöðu þeirra. Eftir undirbúningsnámskeiðið var ákveðið að tvö úr hópnum færu á lestrarnámskeið en hin dreifðust á námskeið ýmist fyrir eða eftir hádegi, hægferð eða hraðferð. Eftir árið hafa þau tekið mismörg námskeið og eru á mjög mismunandi stað hvað varðar íslenskukunnáttu. Allt frá því að vera enn á stigi 1 yfir að vera á stigi 4.

Hópnum stóð til boða að sækja alls átta námskeið í íslensku (Mynd 1). Þar sem það er nánast ógerlegt að nýta svo mörg námskeið á einu ári stóð þeim til boða að nýta námstilboðið á tveggja ára tímabili í stað eins árs. Þeir sem voru í vinnu var boðið að sækja íslenskunámskeið á kvöldin.



Mynd 1: Fjöldi íslenskunámskeiða sem fullorðnir einstaklingar (9) sóttu tímabilið sept 2019- sept 2020.

Í lok ágúst nýttu þeir úr hópnum sér að fá byrjendakennslu á tölvur hjá Promennt og gerðu þau góðan róm að námskeiðinu.


9. Samfélagsfræðsla

Verkefnastjórar Mosfellsbæjar, Garðabæjar og Seltjarnarness skipulögðu saman fræðsluferð um Reykjavík og tæpri viku eftir komuna var öllum Kenía-hópnum boðið í heimsókn til lögreglu og slökkviliðs í Mosfellsbæ auk þess sem hópurinn fór í skoðunarferð í rútu um Reykjavík. Í þeirri ferð var þeim meðal sýnd staðsetning Tin Can Factory og Afrozone búðarinnar í Mjódd. Verkefnastjóri fór líka í skoðunarferð með alla um Mosfellsbæ og sýndi þeim staðsetningu matvörubúða, apóteka, heilsugæslu, bókasafns, kirkju, sundlauga og líkamsræktarstöðvar. Í október var boðið upp á fræðslu frá Samtökunum '78. Hópurinn fékk einnig boð um ýmsa fræðslu á vegum Rauða krossins á tímabilinu, meðal annars frá Jóhanni Thoroddsen sálfræðingi þar sem fjallað var um áfallastreitu og ofurálag, fjármálaráðgjöf og fræðslu um leigumarkaðinn. Einnig var þeim boðið að fara á skyndihjálparnámskeið. Að jafnaði voru tveir til fjórir úr hópnum að mæta á fræðslurnar hjá Rauða krossinum hverju sinni. Í desember bauð verkefnastjóri fólkinu í jólagleði þar sem boðið var upp á smákökur og mandarínur auk fræðslu um jól á Íslandi, svo sem um opnunartíma, jólasveinana og ýmsar jólahefðir.

Jafnt og þétt yfir árið var farið í alls konar samfélagsfræðslu ýmist með nokkrum í einu eða á einstaklingsgrundvelli. Rætt var um uppeldi, samskipti kynjanna, vinnumenningu á Íslandi, skattamál, menntunarmöguleika, bílpróf og allt þar á milli. 24. júní var svo haldin sameiginleg samfélagsfræðsla með Garðabæ og Seltjarnarnesi. Nánast full mæting var á þann viðburð þar sem stiklað var á stóru um vinnu- og skattamál, námslán, húsnæðismál, leigumarkaðinn, félagsþjónustuna, menningu, samskiptareglur, bílpróf og hvaðeina sem spurt var út í á þessum degi.

10. Íþróttir og tómstundir

Bæði börnin ákváðu að fara í fótbolta og stunda hann enn af kappi. Þar sem hópurinn kom um miðjan september náðu krakkarnir nánast fullu skólaári og voru því komnir nokkuð vel inn í allt og búnir að eignast vini og kunningja áður en skóla lauk síðasta vor. Að höfðu samráði við foreldri var börnunum boðið að velja sér sumarnámskeið, með það í huga að þau næðu enn betri tökum á málinu og til þess að styrkja þau félagslega. Verkefnastjóri fór í gegnum allt sem var í boði en þar sem bæði börnin æfðu fótbolta 3-4 sinnum í viku og kepptu þar að auki leiki



allt sumarið endaði það svo að þau nýttu sér engin sumarnámskeið. Eldra barnið fór fjórar vikur í Vinnuskólann og þau fóru saman á 10 daga sundnámskeið sem verkefnastjóri kom í kring ásamt íþróttafulltrúa og sunddeild Aftureldingar.

Frábært samstarf var við íþróttafélagið Aftureldingu. Að öllum ólöstuðum var Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi Aftureldingar ótrúlega hjálpsöm og úrræðagóð og kom því m.a. í kring að bæði börnin fengu keppnis- og æfingabúninga félagsins sér að kostnaðarlausu og þurftu ekki að borga æfingagjöld fyrsta árið. Börnunum var í upphafi boðið að prófa allar þær íþróttir sem þau vildu. Áhugi allra á verkefninu hjá Aftureldingu sem verkefnastjóri ræddi við var aðdáunarverður og það einkenndi öll samskipti sem skilaði sér margfalt til barnanna. Börnin stunda enn fótbolta og koma til með að nýta frístundastyrk Mosfellsbæjar til að borga stóran hluta af æfingagjöldunum fyrir næsta fótboltaár sem var að hefjast.

Í viðtölum við fullorðnu einstaklingana í byrjun var m.a. spurt út í áhugamál. Þar sem virkni er svo mikilvæg og getur skipt sköpum fyrir bæði börn og fullorðna í nýju landi og þar sem sumir urðu fljótt mjög ópolinmóðir og vildu hafa meira fyrir stafni, fór verkefnastjóri á fullt við að skoða tómstundir með þeim. Tveir fóru í fótbolta hjá Hvíta Riddaranum og Styrmí, einn prófaði blak hjá Aftureldingu, fjórir fóru í kóra, einn í leikfélag Mosfellsbæjar og einn fór í hálf nám á trommur í tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Raunar var bara einn af þeim níu fullorðnu sem var ekki búinn að prófa að fara í einhverjar tómstundir þegar fyrsta ári verkefnisins var lokið.

Nokkrir úr hópnum voru duglegir að sækja kirkju eða mosku. Covid-19 setti strik í reikninginn fyrir allar tómstundir og kirkju/mosku- sókn og það er misjafnt hvort þau séu komin af stað aftur.

Þar sem margir sýndu því einnig áhuga strax í byrjun að komast í líkamsrækt var gengist í að athuga með afslátt og veitti Elding í íþróttahúsinu að Varmá myndarlegan afslátt sem einhverjir nýttu sér. Allir fengu 3 mánaða sundkort í laugar bæjarins í upphafi og þeir sem eru enn í atvinnuleit eru enn með sundkort sem þarf að endurnýja á þriggja mánaða fresti. Flestir voru mjög duglegir að nýta sér sundlaugarnar.

11. Heilbrigðisþjónusta


Fullorðnu einstaklingarnir fóru í sóttvarnareftirlit á Göngudeild sóttvarna í Mjódd og börnin á göngudeild sóttvarna á barnaspítalanum. Hópnum var í kjölfarið vísað til viðeigandi lækna eða heilsugæslu og frekari heilbrigðisþjónustu ef ástæða þótti til. Þeir sem þurftu á sérfræðilæknisþjónustu að halda fengu hana að undangengnu mati lækni sem sendi tilvísun til viðkomandi sérfræðilækni. Allir fengu leiðbeiningar um þjónustu heilsugæslu, læknavakt og bráðamóttöku auk þess sem móðirin fékk leiðbeiningar um heilbrigðisþjónustu fyrir börn. Tvær af þremur konum þáðu boð um að undirgangast krabbameinsskoðun, sú þriðja hafði nýlega farið í Kenía.

Þá fór fram mat á tannheilsu fólksins hjá Katrínu Rós Ragnarsdóttur tannlækni. Hún setti upp kostnaðaráætlun fyrr hvern og einn. Viðeigandi aðgerðir voru svo framkvæmdar í samræmi við reglur. Þ.e. að miðað var við að gera við skemmdar tennur og nauðsynlega tannsmíði. Þar sem tannheilsa flestra var bágborin var þessi kostnaðarliður hærri en áætlað var.

Allir nema einn í hópnum fóru í augnskoðun og mælingu. Tveir í hópnum fengu gleraugu.

Fólkinu stóð til boða sálfræðiviðtöl, sem greidd eru af ríkinu fyrstu tvö árin eftir komuna til landsins, auk þess sem Samtökin '78 buðu upp á ráðgjafaviðtöl. Í lok tímabils höfðu átta af níu einstaklingunum nýtt sér að fara í einhver sálfræði- eða ráðgjafaviðtöl. Sumir bara einu sinni

eða tvisvar aðrir allt að fimm sinnum svo enn er svigrúm til að nýta sér það á öðru ári. Þau hafa reglulega yfir árið verið hvött til þess að nýta sér þessa þjónustu ef þeim þykir þurfa.



Fjöldi sálfræði- og ráðgjafaviðtala sem einstaklingarnir nýttu sér sept 2019- sept 2020

12. Túlkaþjónusta

Einstaklingarnir í hópnum eru enskumælandi og því var ekki þörf á túlkaþjónustu.

13. Samstarf við Rauða Kross Íslands

Samstarfið við Rauða krossinn gekk vel. Þar sem ekki tókst að útvega allar íbúðirnar áður en fólk kom til landsins voru mikil hlaup og langir vinnudagar fyrstu vikunnar fyrir alla sem komu að íbúðamálunum og vann bæði starfsfólk og sjálfboðaliðar þrekvirki við að innrétta og gera íbúðirnar að heimili undir mikilli tímapressu.

Allir fullorðnu einstaklingarnir fengu sinn leiðsögumann fyrir milligöngu verkefnastjóra Rauða krossins. Leiðsögumannaverkefnið fór þó ekki af stað fyrr en tveimur vikum eftir að fólk kom til landsins. Sjálfboðaliðahópurinn var áhugasamur um verkefnið og flestir duglegir að hafa samband og styðja við sitt fólk. Af ýmsum ástæðum þurftu tveir að fá nýja leiðsögumenn eftir að verkefnið var byrjað og stóð Rauði krossinn sig vel í að koma því í kring fljótt og vel. Reynsla starfsfólks Rauða krossins í þessum málaflokki kom sér oft vel og var gott að geta leitað í viskubrunn þeirra.

14. Fjölskyldusameining

Frá upphafi verkefnisins var ljóst að tveir úr hópnum ættu börn í upprunalandi sínu. Strax daginn eftir komu, kom í ljós að einn einstaklingur í viðbót ætti barn. Þeir fengu leiðbeiningar um það hvernig sækja ætti um fjölskyldusameiningu. Einn aðili fékk samþykki frá UTL í byrjun september 2020 fyrir því að fá barnið sitt til landsins og er það nú í ferli. Að minnsta kosti annar aðillinn sem líka á börn er að reyna að nálgast þau gögn sem til þarf til að sækja um. Covid-19 hefur sett strik í reikninginn þar sem stofnanir í Úganda hafa margar hverjar verið lokaðar og hefur það tafið fyrir söfnun gagna. Óvíst er hvort þriðji aðillinn ætli sér að sækja um fjölskyldusameiningu eins og hann talaði um í upphafi.

15. Kostnaður við fyrsta ár móttökuverkefnis

Samningur félagsmálaráðuneytisins og Mosfellsbæjar kvað á um greiðslur til bæjarfélagsins í samræmi við skilgreind verkefni sem ráðuneytið endurgreiðir Mosfellsbæ. Áætluð útgjöld vegna móttöku flóttafólksins voru 56.880.000 krónur. Raunútgjöld á tímabilinu reyndust 41.358.232 krónur fyrstu þrettán mánuðina. Í fylgiskjali I má sjá yfirlit yfir útgjöld vegna verkefnisins. Endanlegt uppgjör vegna verkefnisins fer fram í lok annars ársins frá komu fólksins þar sem heimild er fyrir greiðslu sálfræðipjónustu, íslenskukennslu og frístunda barna til þess tíma. **Ekki hefur allur kostnaður vegna tímabilsins skilað sér inn í verkefnið (svo sem laun verkefnastjóra fyrir þrettánda mánuðinn, húsaleiga sem fellur á verkefnið og hugsanlega eitthvað fleira) þegar þessi skýrsla er rituð. Eftirstöðvar færast yfir á seinna tímabil verkefnisins.**

Í flestum tilfellum hefur verið unnt að færa fjármagn á milli liða undir sama yfirflokk. Til að mynda er tannlæknakostnaður yfir viðmiðum en kostnaður við heilbrigðisþjónustu og lyf undir. Undantekning frá þessu er kostnaður við námsstyrk vegna framhaldsskóla en í áætlun var einungis gert ráð fyrir að tveir nemendur færu í framhaldsskóla en það voru fjórir sem fóru.

16. Helstu áskoranir

Helstu áskoranir verkefnisins tengdust útvegum íbúðarhúsnæðis sem tók mikinn tíma og orku fyrstu mánuðina. Auk þess var ekki unnt að finna eins margar einstaklingsíbúðir og hefði verið æskilegt og varð það til trafala fyrir flóttafólkið og verkefnastjóra.

Vegna Covid-19 faraldursins og samkomubanns vegna þess, breyttust aðstæður og ýmislegt tók lengri tíma þar sem á löngu tímabili var ekki leyfilegt að hitta fólk í eigin persónu. Allt gekk hægar fyrir sig og fyrirtæki og stofnanir sem verkefnastjóri og skjólstæðingar voru í samskiptum við voru mörg hver seinni til svars og aðstoðar. Atvinnuástandið snarbreyttist og skólar lokuðu og/eða fóru yfir í fjarkennslu. Vegna þessa fór mikill tími í að aðstoða fólk við að halda sér í virkni og aðstoða skjólstæðingana við að finna sér vinnu svo dæmi séu tekin. Þetta hafði einnig mikil áhrif á geðheilsu nokkurra úr hópnum. Með þolinmæði og notkun tækninnar var þó sem betur fer hægt að koma ýmsu í kring.


Sambúðarörðugleikar, óeining og slagsmál milli nokkurra aðila í hópnum skapaði sundrung og erfiðleika við að hitta alla í einu og fótbot eins einstaklings kallaði á meiri vinnu og stuðning verkefnastjóra við þann aðila. Þegar nær dró lokum verkefnis virtist þó allt vera komið í góðan farveg og allir nema einn úr hópnum geta hist án vandkvæða. Hluti af sambúðarörðugleikum og óeiningu má kalla trúarlegs eðlis. Mikilvægt er að passa upp á að fólk sem aðhyllist mismunandi trúarbrögð þurfi ekki að deila íbúð.

17. Lokaorð

Það er mat þeirra sem að verkefninu komu að vel hafi tekist til með móttöku flóttafólksins frá Úganda og Súdan, ef frá eru talin þau vandkvæði við að útvega fólkinu húsnæði og skort á einstaklingsíbúðum. Úr því rættist þó ágætlega og nú eru fimm manns í viðbót farnir að búa einir.

Covid-19 setti óneitanlega sinn svip á árið en með jákvæðu hugarfari og með hjálp tækninnar gekk ágætlega að leysa úr þeim áskorunum sem tengdust því.

Samvinna sveitarfélagsins við fólkið, samstarfsaðila (félagsmálaráðuneytið, RKÍ, verkefnastjóra í Garðabæ og á Seltjarnarnesi), stofnanir og félagasamtök var með miklum ágætum.



Flóttafólkið sjálft hefur sýnt jákvæðni, elju og þrautseigju og hafa flest staðið sig með sóma í því sem þau hafa tekið sér fyrir hendur. Framtíðin er björt.

Segja má að samfélagið í Mosfellsbæ í heild sinni hafi verið mjög jákvætt gagnvart fólkinu sem studdi við aðlögun bæði fullorðinna og barna og því hægt að segja að Mosfellsbær hafi verið mjög vel til þess fallinn að taka á móti þessum hópi. Íþróttafélagið, tónlistarskólinn, leikfélagið og önnur félagasamtök tóku vel á móti einstaklingum í hópnum, sveitarfélagið brást vel við í sumar við að útvega sumarvinnur. Velvilji og áhugi einkenndi öll samskipti við samstarfsaðila bæði innan bæjar og utan. Eftir að hafa tekið á móti tveimur kvótaflóttahópum síðan 2018 hefur skapast töluverð þekking innan bæjarfélagsins og vonandi skapast tækifæri til að nýta þá þekkingu áfram.

Fylgiskjal 1

Rekstrarkostnaður vegna móttöku kvótaflóttafólks 1.9.2019 -30.9.2020

	Áætlun	Raunútgjöld	%
Framfærsla			
Fjárhagsaðstoð og desemberuppbót	16.639.473	15.301.685	92%
Barnabætur, meðlag og mæðralaun	395.878	932.592	236%
Samtals	17.035.351	16.234.277	95%
Aðstoð til foreldra v barna			
Skólamáltíðir	194.670	115.500	59%
Skólabyrjun	50.000	89.791	180%
Íþróttir og tómstundir	100.000	65.000	65%
Samtals	344.670	270.291	78%
Námsstyrkur			
Framhaldsskóli	74.000	163.100	220%
Samtals	74.000	163.100	220%
Styrkur vegna sérstakra aðstæðna			
Strætókort	507.600	507.600	100%
Samtals	507.600	507.600	100%
Menntunarkostnaður			
Sértækur stuðningur í skóla	3.611.017	2.423.220	67%
Íslenskukennsla	3.232.800	1.847.850	57%
Samtals	6.843.817	4.271.070	62%
Húsnæðiskostnaður			
Húsaleiga	3.240.000	3.139.835	97%
Húsnæðisstuðningur og sérstakur húsnæðisstuðn	2.767.347	1.757.912	64%
Sími og Internet	130.920	140.414	107%
Samtals	6.138.267	5.038.161	82%
Heilbrigðiskostnaður			
Heilbrigðisþjónusta og lyf	1.283.333	225.488	18%
Heilbrigðisvottorð	315.000	99.710	32%
Gleraugu og augnskoðun	182.000	164.782	91%
Sálfræðiþjónusta	2.904.000	442.500	15%
Tannlæknir	1.040.000	1.762.290	169%
Samtals	5.724.333	2.694.770	47%

Ráðgjafarþjónusta og stuðningur

Félagsráðgjöf og önnur sérfræðiráðgjöf	15.085.962	11.218.460	74%
Stuðningurinn heim	200.000	0	0%
Handleiðsla fyrir starfsmenn	390.000	194.000	50%
Túlkþjónusta	270.000	0	0%
Samtals	15.945.962	11.412.460	72%

Ófyrirséð

Annað	4.026.000	694.578	17%
Leigubílakostnaður	240.000	71.925	30%
Samtals	4.266.000	766.503	18%

56.880.000 **41.358.232** 73%